

**VEÐURSTOFA ÍSLANDS**

**VEÐURATHUGANIR Á  
REYÐARFJARÐARSVÆÐINU**

**Flosi Hrafn Sigurðsson**

**og**

**Hreinn Hjartarson**

**tóku saman**

**Umíð fyrir Kisilmálmyinnsluna**

**Reykjavík 1986**

**VEÐURSTOFA ÍSLANDS**

**VEÐURATHUGANIR Á  
REYÐARFJARÐARSVÆÐINU**

**Flosi Hrafn Sigurðsson**

**og**

**Hreinn Hjartarson**

**tóku saman**

**Unnið fyrir Kísilmálmvinnsluna**

**Reykjavík 1986**

## E F N I S Y F I R L I T

INNGANGUR.....	3
MÆLINGAR OG MÆLISTAÐIR.....	4
LOFTHITI.....	11
SJÁVARHITI.....	15
ÚRKOMA.....	17
SNJÓHULA.....	21
SNJÓDÝPT.....	22
ÞOKA.....	23
VINDÁTTIR.....	25
VINDHRADI.....	27
HÖNNUNARVINDHRADI.....	29
STÖÐUGLEIKI LOFTS OG HITAHVÖRF.....	31
MENGUNARHÆTTA FRÁ MENGANDI IDNAÐI.....	35
HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	36
HEIMILDIR.....	37
MYNDIR 10-35.....	39
TÖFLUR 16-39.....	91

## INNGANGUR.

Haustið 1981 samdi Staðarvalsnefnd um iðnrekstur við Veðurstofu Íslands um vindmælingar á þremur stöðum á landinu og var Sómastaðagerði við Reyðarfjörð einn þeirra. Í skýrslu um vindmælingarnar skyldi jafnframt gerð stutt grein fyrir veðurfari samkvæmt tiltækum mælingum á nálægum veðurstöðvum.

Veðurstofustjóri fól tækni- og veðurathuganadeild Veðurstofunnar að vinna að máli þessu og hófust vindmælingar að Sómastaðagerði þann 3. október 1981.

Í framhaldi af þessu og til frekari könnunar voru í október 1982 settir upp síritandi vindmælar að Kollaleiru í Reyðarfirði þar sem Veðurstofan hafði látið gera veðurathuganir frá því á sumrinu 1976 og á Mjóeyri í Eskifirði. Jafnframt voru teknar upp hitamælingar á Mjóeyri og á tveimur stöðum við veginn frá Eskifirði upp í Oddsskarð til könnunar á stöðugleika lofts, en hann skiptir miklu máli í sambandi við dreifingu mengunarefna. Voru mælistaðirnir í um 3, 260 og 520 metra hæð yfir sjó. Enn einum hitamælistað, í um 92 metra hæð yfir sjó, var svo bætt við haustið 1983.

Eðlilegt þótti að Kísilmálmvinnslan tæki við þætti Staðarvalsnefndar í þessum mælingum og héldu þær áfram á vegum Kísilmálmvinnslunnar til ársloka 1985.

Í skýrslu þeirri er hér fer á eftir er gerð stutt grein fyrir helstu niðurstöðum mælinga, ásamt veðurfari á svæðinu í heild.

MÆLINGAR OG MÆLISTAÐIR.Veðurstöðin að Kollaleiru.

Veðurstöð tók til starfa að Kollaleiru í Reyðarfirði 24. júlí 1976. Í fyrstu voru gerðar veðurfarsathuganir þrisvar á dag kl 09, 15 og 21 eftir íslenskum staðaltíma. Þann 1. ágúst 1984 var stöðinni breytt í veðurskeyta-  
stöð og var þá jafnframt bætt við athugun kl 18. Athugunarmenn hafa verið Guðmundur Beck og Halla Kjartansdóttir. Stöðin er í 25 m hæð yfir sjó. Hitamælaskýli er í 2 m hæð og úrkomumælir með vindhlíf í 1.5 m hæð yfir jörðu. Síritandi vindáttar- og vindhraðamælir af gerðinni Wolfle-Lambrecht var tekinn í notkun 14. október 1982. Hæð hans yfir jörðu er 2 m. Á tímabilinu 14.10. 1982 til 31.03. 1985 reyndust vindmælingar nothæfar í 97.4 % tilfella

Vindmælingar að Sómastaðagerði.

Vindhviðumælir af gerðinni Lambrecht var settur upp í um 10 m hæð yfir jörðu þann 3. október 1981 ásamt tilheyrandi sírita. Ennfremur var þá tekinn í notkun síritandi vindáttar- og vindhraðamælir, Wolfle-Lambrecht í 2 m hæð yfir jörðu. Gæslumaður mælanna var í fyrstu Gunnar Víglundsson bóndi að Sómastaðagerði, en frá vormánuðum 1982 annaðist Hjalti Sigurðsson rafvirkjameistari á Eskifirði eftirlit. Vindhviðumælingu lauk 22.04. 1985 og reyndust 79.4 % af gögnunum nothæf. Vindáttarmælingum lauk 12.04. 1985 og reyndust 95.2 % af gögnunum nothæf.

Vind- og hitamælingar í Eskifirði.


Til könnunar á stöðugleika lofts á Reyðarfjarðarsvæðinu var ákveðið að mæla hitastig loftsins í mismunandi hæð yfir sjó. Fyrir valinu varð hlíðin

ofan við Mjóeyri í Eskifirði, en þar var unnt að komast akandi að mælitækjum eftir veginum yfir Oddskarð. Í október 1982 voru sett upp mælitæki á þrem stöðum til þessara mælinga, hitamælaskýli í 2 m hæð yfir jörð með hitarita og kvikasilfurshitamæli til samanburðar. Skipta þurfti um eyðublöð í síritunum og trekkja upp gangverk þeirra vikulega. Jafnframt var þá lesið á kvikasilfurshitamælana og þeir aflestrar notaðir til að leiðrétta hitaritið.


Neðsti hitamælistaðurinn var á Mjóeyri utan við kaupúnið á Eskifiði í um 3 m hæð yfir sjó. Þar var jafnframt komið fyrir síritandi vindáttar- og vindhraðamæli af gerðinni Woelfle-Lambrecht. Vindmæligögn á Mjóeyri voru nýtanleg í 98.8 % tilfella á tímabilinu 14.10. 1982 til 18.01. 1985.

Annar hitamælistaðurinn var í um 260 m hæð yfir sjó við veginn upp í Oddskarð og sá þriðji í um 520 m hæð. Í nóvember 1983 var bætt við enn einum hitamælistað í um 92 m hæð við Oddskarðsveg og var hann búinn sömu tækjum og hinir hitamælistaðirnir. Hitamælingar voru nýtanlegar í um 93.6 % tilfella. Umsjón með þessum mælingum öllum hafði Hjalti Sigurðsson rafvirkjameistari sem áður er nefndur.

Á mynd 1 er birt yfirlitskort af Reyðarfjarðarsvæðinu og eru mælistaðirnir merktir þar inn. Sjá enn fremur myndir 2 - 9.



MYND:1  
YFIRLITSKORT AF REYÐARFIRÐI



- HITAMÆLINGAR Birt með leyfi Landmælinga Íslands.
- ▲ VINDMÆLINGAR

- Holmur
- Selv
- Eggakot
- Möðkir
- Stukur

14° 30' E.v. Greenwich      18°      12°      6°      4° 0'      58'      42'      36'      13° 30' f.v. Greenwich

Gefið af Landmælingum Íslands 1961/1913  
Lidnir af "Landmælingar Íslands" 1949/15

Endurskoðað af Landmælingum Íslands 1942  
Reið af "Landmælingum Íslands" 1913/15


Væð af hærsmáttillitum 1945

(1:5 Breiddalyski)

Gefið af Landmælingum Íslands 1965



MYND 2. Veðurstöðin á Kollaleiru.



MYND 3. Sómastaðagerði.





MYND 4. Mjóeyri.



MYND 5. Hitamælistaður í 92 m hæð við Eskifjörð.




MYND 6. Hitamælistaður í 260 m hæð. Horft yfir  
Eskifjörð og Hólmanes.



MYND 7. Hitamælistaður í 520 m hæð við Eskifjörð.  
Horft yfir Hólmanes og inn Reyðarfjörð.



MYND 8. Horft út Reyðarfjörð frá hitamælistað í 520 m hæð.



MYND 9. Horft frá Mjóeyri inn Eskifjörð. Mengun frá fiskimjölsverksmiðju.

LOFTHITI.

Lofthitamælingar hófust um leið og aðrar veðurathuganir á Kollaleiru í júlí 1976. Árið 1977 er því fyrsta heila árið eftir að mælingar hófust. Í töflu 1 er sýndur meðalhiti hvers mánaðar á Kollaleiru á 9 ára tímabilinu 1977 - 1985. Til samanburðar er sýndur meðalhiti á nálægum veðurstöðvum á sama tímabili. Dalatangi og Kambanes eru annesjastöðvar, Neskaupstaður og Teigarhorn eru fulltrúar útfjarðastöðva, Seyðisfjörður og Kollaleira eru innfjarðastöðvar og loks er Hallormsstaður tekinn með sem dæmi um veðurstöð þar sem innlandsáhrif eru meiri en á Kollaleiru.

Tafla 1. Meðalhiti 1977 - 1985, °C.

<u>VEÐURSTÖÐ</u>	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Dalatangi	-0.7	0.8	0.0	1.6	3.1	6.1	7.9	8.3	6.1	4.1	1.2	0.7	3.3
Kambanes	-1.1	0.6	0.1	1.6	3.2	5.8	7.3	7.9	6.0	4.0	0.9	0.3	3.0
Neskaupst.	-1.1	0.7	0.2	2.0	4.2	7.6	9.5	9.4	6.3	3.9	0.8	0.4	3.6
Teigarhorn	-1.4	0.6	0.3	2.3	4.2	7.1	8.7	8.8	6.5	4.1	0.7	0.0	3.5
Seyðisfj.	-1.9	0.2	-0.3	1.9	4.2	7.6	9.4	9.5	6.0	3.6	0.1	-0.4	3.3
Kollaleira	-2.2	0.0	-0.5	1.8	4.4	8.0	9.6	9.1	5.9	3.3	-0.1	-0.5	3.3
Hallormsst.	-2.5	-0.7	-1.0	1.8	4.6	8.8	10.6	10.0	5.9	3.1	-0.4	-1.1	3.2

Eins og taflan sýnir eru hitatemprandi áhrif hafsins mikil. Meðalhiti janúar var þannig 1.8 stigi lægri á Hallormsstað en á Dalatanga, en í júlí var meðalhitinn hins vegar 2.7 ° hærri á Hallormsstað. Júlí er að jafnaði hlýjasti mánuður ársins á Hallormsstað og Kollaleiru, en á Dalatanga og Kambanesi er ágúst greinilega hlýrri. Á öllum stöðvunum er janúar kaldasti mánuður ársins. Taka má mismun á meðalhita í júlí og janúar sem merki um úthafs- eða innlandsáhrif. Á Hallormsstað var munurinn 12.5 °C, á Kolla-

leiru 11.8 °C, á Seyðisfirði 11.3 °C, á Neskaupstað 10.6 °C, á Teigarhorni 10.1 °C, en á Kambanesi aðeins 8.4 °C og litlu meiri eða 8.6 °C á Dalatanga.

Í töflu 2 er sýndur meðalhiti á 20 ára tímabilinu 1961 - 1980 á veðurstöðvunum Dalatanga, Teigarhorni og Hallormsstað, en allt það tímabil fóru hitamælingar á þessum stöðum fram í fríttstaðum hitamælaskýlum í um það bil 2 metra hæð yfir jörðu. Ennfremur eru sýnd reiknuð meðaltöl fyrir Kollaleiru á þessu tímabili og er þá byggt á samanburði við hinar stöðvarnar.

Tafla 2. Meðalhiti 1961 - 1980, °C.

<u>VEÐURSTÖÐ</u>	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Dalatangi	0.3	0.6	0.1	1.4	3.3	6.1	7.7	8.2	6.6	4.7	1.6	0.4	3.4
Teigarhorn	-0.2	0.2	0.4	2.3	4.5	7.3	8.7	8.7	7.0	4.6	1.1	-0.3	3.7
Kollaleira	-1.1	-0.3	-0.4	1.7	4.7	8.1	9.4	8.9	6.6	3.9	0.3	-0.8	3.5
Hallormsst.	-1.5	-1.2	-0.8	1.7	5.0	8.7	10.2	9.6	6.6	3.8	0.0	-1.5	3.4

Eins og töflur 1 og 2 sýna jafnast árlegur gangur hitans verulega þegar meðaltöl eru reiknuð fyrir lengra árabil.

Í töflum 3 og 4 er að finna upplýsingar um hámarks- og lágmarkshita á Kollaleiru.

Tafla 3. Meðaltal daglegs hámarks- og lágmarkshita á Kollaleiru 1977 - 1985, °C.

	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Meðalhám.	0.9	2.4	2.5	5.0	7.5	11.3	12.7	12.3	8.9	6.0	2.7	2.4	6.2
Meðallágm.	-5.1	-2.9	-3.4	-1.2	1.2	4.7	6.7	6.3	3.2	0.6	-2.9	-3.2	0.3
Mismunur	6.0	5.3	5.9	6.2	6.3	6.6	6.0	6.0	5.7	5.4	5.6	5.6	5.9

Eins og tafla 3 sýnir er meðalmunur á daglegum hámarks- og lágmarkshita 5.9 °C á Kollaleiru. Þessi meðalmunur breytist lítið frá mánuði til mánaðar en e.t.v. má segja að hann sé örlítið meiri að vori og sumri, en á öðrum tíma árs. Hæsta mánaðargildi mismunarins er 6.6 °C í töflunni en það lægsta 5.3 °C.

Þessi munur á öðrum þæði rætur að rekja til óreglulegra hitabreytinga vegna veður- og vindáttarbreytinga og breytilegs uppruna aðstreymandi lofts. Hinum þæði er um að ræða áhrif daglegs sólargangs, en hitabreytingar af þeim sökum temprast þó mjög af skýjum og skýjafar skiptir því miklu máli. Sólargangur ræður mestu að sumarlagi, en um hávetur eru áhrif daglegs sólargangs lítil og óreglulegar hitabreytingar allsráðandi.

Tafla 4. Hæstu gildi daglegs hámarks- og lágmarkshita á Kollaleiru 1977 - 1985, °C.

	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Hæsta hárm.	13.6	12.8	14.6	17.6	20.6	20.1	26.2	24.9	21.5	20.9	13.6	15.6	26.2
Lægsta lágsm	-17.0	-14.9	-13.1	-10.3	-7.6	-2.9	1.1	0.9	-3.8	-7.6	-11.6	-15.1	-17.0
Mismunur	30.6	27.7	27.7	27.9	28.2	23.0	25.1	24.0	25.3	28.5	25.2	30.7	43.2

Hæsti hiti sem mældist á Kollaleiru á 9 ára tímabilinu 1977 - 1985 var 26.2 °C, en sá lægsti -17.0 °C. Þar sem hér er um stutt árabíl að ræða verður að gera ráð fyrir að til muna hærri og lægri tölur geti komið fyrir. Má í því sambandi t.d. geta þess að á Teigarhorni mældist 36.0 stiga hiti 24. september 1940 og 1. apríl 1968 mældist lágmarkshiti þar -22.9 °C.

Vekja má athygli á að yfir 20 stiga hiti hefur mælst á Kollaleiru í öllum mánuðum frá maí til október, en aðeins tveir mánuðir, júlí og ágúst,

hafa verið frostlausir með öllu. Er þá miðað við hitamælingar í tveggja metra hæð yfir jörðu.

SJÁVARHITI.

Sjávarhitamælingar hafa ekki verið gerðar á vegum Veðurstofunnar í Reyðarfirði eða Eskifirði og raunar hafa þær aðeins verið gerðar á fáum stöðum á landinu.

Sjávarhiti hefur mjög mikil áhrif á hitafar og stöðugleika lofts, þegar vindur stendur af hafi. Á Austfjörðum hagar svo til að kaldur yfirborðsstraumur liggur suður með landinu. Þegar hlýr álandsvindur berst yfir kaldan sjóinn kólnar neðsta loftlagið og stöðugleiki loftsins vex, jafnframt því sem þoka verður tíðari.

Til að varpa nokkru ljósi á sjávarhita við Austfirði er í töflu 5 sýndur meðalsjávarhiti hvers mánaðar að Þorvaldsstöðum í Bakkafirði á 10 ára tímabilinu 1971 - 1980 og í töflu 6 er sýndur meðalsjávarhiti á Teigarhorni í Berufirði á sama tímabili. Jafnframt er í töflunum sýndur meðallofthiti á þessum stöðum og meðalmunur sjávar- og lofthita.

Tafla 5. Meðalhiti sjávar og lofts að Þorvaldsstöðum 1971 - 1980, °C.

	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Sjávarhiti	1.3	0.9	1.0	1.3	3.3	6.1	7.8	8.5	6.8	5.0	3.3	2.0	3.9
Lofthiti	-1.2	-0.6	-0.1	1.1	3.9	6.6	8.4	8.8	5.8	3.5	0.3	-1.2	2.9
Mismunur	2.5	1.5	1.1	0.2	-0.6	-0.5	-0.6	-0.3	-0.4	1.5	3.0	3.2	1.0



Tafla 6. Meðalhiti sjávar og lofts á Teigarhorni 1971 - 1980, °C.

	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Sjávarhiti	0.7	0.6	1.4	2.5	4.6	6.9	8.3	8.2	6.6	5.3	3.3	1.2	4.1
Lofthiti	-0.5	0.6	1.4	2.5	4.5	7.1	8.7	8.8	7.0	4.7	1.1	-0.1	3.8
Mismunur	1.2	0.0	0.0	0.0	0.1	-0.2	-0.4	-0.6	-0.4	-0.6	2.2	1.3	0.3

Eins og töflurnar bera með sér er meðalhiti sjávar oftast hærri en meðalhiti lofts að vetrarlagi, en að sumrinu er þessu öfugt farið, þá er meðalhiti loftsins hærri en sjávar. Sjávarhitinn tekur hægari og minni breytingum en lofthitinn og títt er því á sumrin að sjórinn sé til muna kaldari en loftið. Af þessu leiðir að stöðugleiki lofts er oft mikill og þoka tíð við Austfirði á sumrin og haustin. Í kaldri landátt á veturnum er sjórinn hins vegar hlýrri en loftið og hitar því upp neðsta loftlagið. Stöðugleiki loftsins fer því minnkandi og loftblöndun vaxandi þegar kalt loft berst út yfir sjóinn að veturnum.

ÚRKOMA.

Í töflu 7 er sýnd meðalúrcoma hvers mánaðar á Kollaleiru á níu ára tímabilinu 1977 - 1985 og til samanburðar á sex nálægum veðurstöðvum.

Tafla 7. Meðalúrcoma 1977 - 1985, mm.

<u>VEÐURSTÖÐ</u>	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Dalatangi	124	105	130	64	87	62	107	130	197	201	124	109	1440
Kambanes	105	98	107	65	65	59	91	114	150	180	119	120	1273
Neskaupst.	152	135	158	68	73	52	83	118	198	260	158	161	1616
Teigarhorn	116	133	121	59	61	45	73	109	109	163	98	145	1232
Seyðisfj.	181	133	163	86	66	46	74	83	153	242	171	191	1589
Kollaleira	118	116	110	51	38	33	50	63	100	165	112	158	1114
Hallormsst.	95	97	85	33	21	26	32	47	57	83	65	109	750

Á Kollaleiru hefur meðalúrcoma verið minnst í júní og maí, 33 og 38 mm, enda eru það yfirleitt þurrustu mánuðirnir á Íslandi. Fremur úrkomulitlir hafa einnig verið mánuðurnir apríl og júlí með um 50 mm úrkomu og ágúst með 63 mm. Haust- og vetrarmánuðirnir, september til mars, hafa hins vegar haft úrkomu á bilinu 100 - 165 mm að meðaltali á Kollaleiru.

Þar sem hér er um stutt tímabil að ræða er til samanburðar sýnd úrcoma á Teigarhorni og Hallormsstað á 20 ára tímabilinu 1961 - 1980.

Tafla 8. Meðalúrcoma 1961 - 1980, mm.

<u>VEÐURSTÖÐ</u>	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Teigarhorn	124	102	101	66	85	79	75	108	106	157	96	101	1200
Hallormsst.	101	70	71	43	26	37	38	39	50	75	61	81	692

Eins og töflurnar bera með sér hefur úrkoma árin 1977 - 1985 að meðaltali verið 32 mm meiri á Teigarhorni og 58 mm meiri á Hallormsstað en á 20 ára tímabilinu 1961 - 1980. Mismunurinn er nokkuð breytilegur frá mánuði til mánaðar en í stórum dráttum virðist níu ára tímabilið gefa nokkuð rétta mynd af úrkomumagni á þessum slóðum og þá m.a. að Kollaleiru.

Mesta sólarhringsúrcoma hvers mánaðar ársins að Kollaleiru 1977 - 1985 er sýnd í töflu 9.

Tafla 9. Mesta sólarhringsúrcoma 1977 - 1985, mm.

<u>VEÐURSTÖÐ</u>	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Kollaleira	87	53	41	42	17	34	96	43	69	55	92	115	115

Sólarhringur er talinn úrkomudagur þegar úrkoma hefur mælst a.m.k. 0.1 mm. Í töflu 10 eru upplýsingar um meðalfjölda úrkomudaga að Kollaleiru 1977 - 1985.

Tafla 10. Fjöldi úrkomudaga 1977 - 1985.

<u>VEÐURSTÖÐ</u>	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Kollaleira	16	15	18	14	13	10	16	15	15	20	17	21	190

Rúmlega helmingur daga, eða 190 á ári, hafa þannig að meðaltali reynst úrkomudagar, fæstir í júní 10, en flestir í desember 21.

Fyrir árin 1981 - 1985 hefur verið kannað hve oft hlutfallslega úrkoma hefur fallið á athugunartímum á Kollaleiru. Er þetta sýnt í töflu 11 og þá jafnframt hve oft úrkomun hefur annars vegar verið regn eða úði og hins vegar snjócoma eða slydda.

Tafla 11. Tíðni úrkomu á athugunartímum á Kollaleiru 1981 - 1985, %.

<u>TÍMABIL</u>	<u>TÍÐNI ÚRKOMU, %</u>	<u>TÍÐNI REGNS OG ÚÐA, %</u>	<u>TÍÐNI SNJÓKOMU OG SLYDDU, %</u>
Janúar	22.4	6.3	16.1
Febrúar	26.4	14.6	11.8
Mars	30.6	10.1	20.5
Apríl	25.0	9.2	15.8
Maí	19.6	15.1	4.4
Júní	10.6	10.6	0.0
Júlí	15.5	15.5	0.0
Ágúst	18.8	18.8	0.0
September	23.1	22.1	1.0
Október	29.4	20.5	8.9
Nóvember	28.2	11.8	16.4
Desember	31.7	12.5	19.2
Árið allt	23.4	13.9	9.5

Eins og taflan sýnir reyndist desember hafa hæsta úrkomutíðni á þessu árabili en júní þá lægstu. Var úrkoma á athugunartímum sem næst þrisvar sinnum algengari í desember en júní. Að meðaltali yfir árið varð einhverrar

úrkomu vart á 23.4 % veðurathugunartíma.

SNJÓHULA.

Snjóhula er athuguð kl 9 að morgni á íslenskum veðurstöðvum og er um gróft mat að ræða. Í töflu 12 hafa snjóhuluathuganir á Kollaleiru og nálægum veðurstöðvum verið umreiknaðar í % af mestu hugsanlegri snjóhulu, sem fram kæmi ef alhvítt væri alla daga.

Tafla 12. Snjólag, %, 1977 - 1985.

<u>VEÐURSTÖÐ</u>	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Dalatangi	83	69	76	53	28	4			1	17	54	58	38
Kambanes	68	48	53	20	10				1	8	36	53	25
Neskaupst.	77	76	66	34	15				1	17	39	59	32
Teigarhorn	61	46	47	19	7					3	27	49	22
Seyðisfj.	84	78	80	72	29	1			1	23	58	67	38
Kollaleira	85	75	71	43	23	1			1	25	61	71	38
Hallormsst.	84	76	71	35	7				1	20	47	64	34

SNJÓDÝPT.

Vegna skafrennings og skaflamyndunar eru snjódýptarmælingar mjög erfiðar í vindasömu og berangurslegu landi.

Mesta snjódýpt hvers árs 1977 -1985 á Kollaleiru er sýnd í töflu 13.

Tafla 13. Mesta mæld snjódýpt á Kollaleiru 1977 - 1985, cm.

	<u>1977</u>	<u>1978</u>	<u>1979</u>	<u>1980</u>	<u>1981</u>	<u>1982</u>	<u>1983</u>	<u>1984</u>	<u>1985</u>
KOLLALEIRA	45	25	40	25	50	35	45	20	40

Athygli er vakin á því að í fjöllóttu landi er oft mikill munur snjódýptar á nálægum stöðum, enda ræðst snjódýptin mjög af samvirkandi áhrifum vinds, landslags og mannvirkja.

Á Dalatanga og Hallormsstað benda t.d. líkur til að snjódýpt fari einu sinni á 50 árum yfir 110 cm eða svo. Er þá átt við snjódýpt á flatlendi, en ekki mestu snjódýpt í sköflum, hlíðum eða hengjum.

ÞOKA.

Þoka kallast það þegar örsmáir vatnsdropar eða ískristallar, sem svífa í loftinu, draga svo úr skyggni að það fer niður fyrir 1000 metra.

Þokur eru fremur tíðar við Austfirði og má rekja það til áhrifa kalds Austur-Íslandsstraumsins, sem streymir suður með Austfjörðum. Þegar rakt en hlýrra loft streymir yfir kaldan sjóinn, kólnar neðsta loftlagið, rakinn þéttist og sjóþoka myndast.

Til að varpa nokkru ljósi á þetta er í töflu 14 sýndur skráður fjöldi þokudaga á Kollaleiru og sex nálægum veðurstöðvum á árunum 1977-1985.

Tafla 14. Fjöldi þokudaga 1977 - 1985.

<u>VEÐURSTÖÐ</u>	<u>JAN</u>	<u>FEB</u>	<u>MAR</u>	<u>APR</u>	<u>MAÍ</u>	<u>JÚN</u>	<u>JÚL</u>	<u>ÁGÚ</u>	<u>SEP</u>	<u>OKT</u>	<u>NÓV</u>	<u>DES</u>	<u>ÁR</u>
Dalatangi	0.7	0.8	2.1	1.6	6.0	9.1	12.0	7.4	3.4	1.8	0.7	0.9	44.1
Kambanes	1.8	5.8	4.1	5.2	10.0	13.3	17.3	13.3	4.6	2.8	1.2	3.0	82.4
Neskaupst.	0.7	0.9	1.0	0.7	1.4	2.3	2.8	2.0	1.1	0.3	0.1	0.4	13.8
Teigarhorn	0.8	0.6	1.3	0.9	2.8	4.1	6.2	6.2	0.8	0.9	0.8	0.4	25.8
Seyðisfj.	0.7	1.8	1.7	0.3	1.8	5.4	8.3	7.6	1.7	1.1	0.6	0.4	31.4
Kollaleira	0.1	0.0	0.7	0.2	0.9	1.3	1.3	2.0	1.3	0.1	0.2	0.4	8.5
Hallormsst.	0.9	0.3	0.2	0.2	1.2	0.8	0.9	0.3	0.4	0.2	0.3	0.2	6.0

Eins og taflan ber með sér er fjöldi þokudaga á Austfjörðum mestur á annesjum en minnkar yfirleitt þegar innar kemur í firðina. Staðhættir ráða miklu um tíðleika þoku og þess verður ennfremur að gæta að víða er nokkur tilhneiging til oftalningar þoku. Stafar þetta af því að allur almenningur notar orðið þoku án nákvæmrar skyggisviðmiðunar og talar þannig oft um þoku,



Þótt skyggni sé t.d. 2 eða 3 km. Á Veðurstofunni eru skildar frá rangar þokuathuganir, þegar skyggni hefur samtímis verið áætlað meira en 1000 metrar. Því miður er ekki hægt að leiðrétta á þennan hátt ranga þokuskráningu milli athugunartíma því að samtíma skyggnisathugun er þá ekki fyrir hendi.

Eins og fram kemur í töflunni er tíðni Austfjarðapokunnar mest um sumarið og þá einkanlega í mánuðunum júní, júlí og ágúst.

## VINDÁTTIR.

Eins og fram kemur í kaflanum um mælistöðvar var síritandi vindáttar- og vindhraðamælir á Kollaleiru frá 14.10. 1982 og að Sómastaðagerði í Reyðarfirði frá 15.10 1981 til 31.03. 1985. Á Mjóeyri í Eskifirði var sams konar mælir á tímabilinu 14.10. 1982 - 31.03. 1985, en vegna bilunar í mælinum eru niðurstöður um tíðleika einstakra vindátta ónákvæmari en á hinum stöðunum. Stafar það af óöryggi í ákvörðun leiðréttingar sem nota þurfti. Unnið var úr vindritum á tækni- og veðurathuganadeild Veðurstofunnar í Reykjavík og lesin úr þeim réttvísandi vindátt átta sinnum á sólarhring á alþjóðlegum veðurathuganatímum, kl 00, 03, 06, 09, 12, 15, 18 og 21 eftir íslenskum staðaltíma. Úr síritunum voru einnig lesin klukkutímagildi vindhraða klukkan 00-01, 03-04, 06-07, 09-10, 12-13, 15-16, 18-19 og 21-22 eftir íslenskum staðaltíma.

Rétt er að taka fram að vegna gerðar mælisins og langs miðlunartíma vindhraða er við vinnslu ekki unnt að greina logn, heldur greinist það sem mjög hægur vindur af þeirri átt sem er næst á undan.

Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum vindáttarmælinganna með vindrósum á 10-23 mynd. Eru vindáttir þar sýndar í tugum gráða og tíðni þeirra í %. Einnig er á vindrósunum teiknuð sérstaklega vindáttardreifingin fyrir þau tilvik þegar vindhraði er yfir 5 m/s. Ennfremur er í töflum 16, 17, 18, 22, 23, 24, 28, 29 og 30 gerð grein fyrir sambandi vindhraða og vindátta fyrir þessa þrjá staði. Í töflunum er vindáttunum slegið saman í tólf 30° geira og sýnir það sumpart betur aðalatriðin í tíðnidreifingunni. Í töflunum er vindhraði greindur í 6 vindhraðabil og hlutfallslegur fjöldi tilvika tilgreindur.

Fyrir Sómastaðagerði og Mjóeyri sýna vindrósirnar vel hvernig landslagið mótar vindstefnu. Vindáttirnar eru að verulegu leyti inn og út fjörðinn með yfirgnæfandi tíðni hafátta að sumri, og landátta að vetrarlagi fyrir Sómastaðagerði. En á Mjóeyri er tíðni landátta og hafátta nokkuð áþekk að sumarlagi, meðan landáttir eru til muna tíðari að vetrarlagi.

Á myndum 13, 14, 15, 19 og 23 eru sýnd áhrif sólargangsins á tíðni hafátta og landátta.

Fyrir Kollaleiru eru vindrósirnar afbrigðilegar að ýmsu leyti. Landslagsmótun vindstefnu er alls ekki eins augljós og á Sómastaðagerði og Mjóeyri, en fram kemur veruleg tíðni norðlægra átta, sérstaklega á vetrarhelmingi ársins. Að sumarlagi er tíðni suðaustlægra átta einkennandi fyrir vindrósina og mætti ætla að myndun hitalægðar yfir Svínadal, Sléttadal, Fagradal og Eyvindarárdal ásamt malarhjöllum þeim sem eru austan athugunarstaðar valdi þessum snúningi hafáttarinnar að Kollaleiru, sjá vindrósir á myndum 18 og 19 og kort á mynd 1. Þá kann það og að hafa nokkur áhrif á vindstefnu og hringrás loftis innan fjarðarins að þær fjallshlíðar sem snúa móti suðri hlýna meira í sólskini en þær sem snúa undan sólu.

Sérkennilegt er að tíðni landátta fyrir vindhraða yfir 5 m/s er til muna meiri en hafáttanna bæði vetur og sumar, á öllum mælistöðvum.

VINDHRAÐI.

Eins og áður er getið var vindhraði mældur og síritaður í 2 m hæð á þremur stöðum. Úrvinnsla var með þeim hætti að lesin voru klukkustundargildi vindhraða 8 sinnum á sólarhring þ.e. kl. 00-01, 03-04, 06-07, 09-10, 12-13, 15-16, 18-19 og 21-22. Ekki er unnt að greina logn sérstaklega með þessari tegund mæla. Samkvæmt mælingum þeim sem fram fóru á Reyðarfjarðarsvæðinu mældist mestur vindhraði á Mjóeyri við Eskifjörð og var meðaltal tímabilsins 15.10 1982 - 31.03. 1985 um 5.2 m/s. Að Sómastadagerði var vindhraðinn fyrir sama tímabil að meðaltali 4.0 m/s og 3.7 m/s að Kollaleiru.

Á sumarhelmingi ársins mældist meðalvindhraði á Mjóeyri 4.6 m/s, að Sómastadagerði 3.5 m/s og á Kollaleiru 3.2 m/s.

Á vetrarhelmingi ársins mældist vindhraði að meðaltali 5.7 m/s á Mjóeyri, 4.5 m/s að Sómastadagerði og á Kollaleiru 4.2 m/s.

Á myndum 26 og 27 er sýnt hvernig meðalvindhraði breytist eftir vindátt á þessum þremur mælistöðum á sumarhelmingi og vetrarhelmingi árs.

Fyrir Sómastadagerði er meðalvindhraði hæstur í landáttunum 280° og 290° bæði sumar og vetur, 5.3 m/s að sumarlagi (280°), en 6.3 m/s (290°) að vetrinum.

Fyrir Kollaleiru er hæsti meðalvindhraði í 70°, 5.9 m/s að sumarlagi en um 6.6 m/s að vetrinum.

Fyrir Mjóeyri er hæsta vindhraða að finna í landáttinni 300°, 8.1 m/s að sumarlagi en 9.3 m/s að vetrarlagi. Einnig er vindhraði yfir 4 m/s að sumarlagi á áttabilinu 100-130° og yfir 6 m/s fyrir áttirnar 110-160° að vetrarlagi.

Á myndum 28 og 29 er sýndur daglegur gangur vindhraðans á stöðvunum

þremur fyrir sumar og vetur. Í ljós kemur að meðalvindhraðinn er mestur kl 15 að sumrinu á öllum mælistöðum. Munur hæsta og lægsta vindhraða yfir sólarhringinn er mestur að jafnaði í júní, á Sómastaðagerði og Mjóeyri um 2.2 m/s, og um 2.0 m/s að Kollaleiru. Sjá ennfremur töflur 18, 24 og 30. Að vetrarlagi er lítil munur vindhraða dags og nætur.

Á myndum 24 og 25 er sýndur árlegur gangur vindhraðans. Á mynd 24 eru mánaðarmeðaltöl fyrir meðalvindhraða og kemur í ljós að hann er lægstur í júlí og ágúst og er þá um 60% af því sem mest er yfir vetrarmánuði.

Á mynd 25 er sýnd tíðni vindhraða yfir 5 m/s fyrir alla mánuði ársins. Þar sést að tíðni vinda yfir 5 m/s er minnst í júlí og ágúst og er þá um 10 % tilvika að Sómastaðagerði og Kollaleiru meðan að vetrarlagi mælist vindur meiri en 5 m/s í yfir 40 % tilvika.

Á Mjóeyri er tíðni vindhraða >5 m/s um 25 % í júlí og ágúst, en yfir 50 % tilvika í janúar.

Í töflum 19-32 er enn frekar gerð grein fyrir tíðnidreifingu á vindhraðabil, bæði er varðar vindátt, daglegan og árlegan gang vindhraðans. Vindhraðabilið 0 - 1.0 m/s er það sem að jafnaði yrði kallað 0 og 1 vindstig (minna en 1.5 m/s miðað við 10 mínútna meðalvind).

Það sem vekur sérstaka athygli og virðist einkennandi fyrir alla þrjá mælistaðina er að landáttirnar eru til muna algengari og hvassari en hafáttirnar. Þrátt fyrir þetta er eðlilegur munur í vindhraðadreifingunni inn fjörðinn, þ.e. meðalvindur er hæstur á Mjóeyri og lægstur á Kollaleiru.

HÖNNUNARVINDHRAÐI.

Við hönnun mannvirkja er venja að miða við mesta vindhraða sem ætla má að mælist einu sinni á löngu tímabili, t.d. 50 árum. Er þá oftast miðað við snöggar vindhviður sem vara um það bil 3 sekúndur. Áratuga vindhviðumælingar þarf, ef vel á að vera, til að unnt sé að reikna út vindhviður með löngum endurkomutíma og ákvarða gildi sem ætla má að vindhraði fari yfir einu sinni á 50 árum.

Vindhviðumælingar voru gerðar og síritaðar að Sómastaðagerði um rúmlega þriggja ára skeið. Mælirinn var í um 10 m hæð yfir jörð. Hæsta vindhviða sem mældist var 96 hnútar eða 49.4 m/s.

Í töflu 15 er fyrir hvert árana 1982 - 1984 sýndur mesti vindhraði í hviðu og jafnframt hæsti meðalvindhraði í 10 mínútur. Ennfremur er sýnt hlutfall þessara talna sem nefna má hviðustuðul. Hviðustuðul má raunar skilgreina og reikna á ýmsan veg og til samanburðar er í töflunni sýndur einskönar meðalhviðustuðull sem fenginn er með því að reikna hlutfall mestu vindhviðu og mesta 10 mínútna vindhraða hvers dags og reikna svo meðaltal þessara daglegu hviðustuðla yfir árið.

Tafla 15. Hámarksvindhraði og hviðustuðull 1982 - 1984.

Ár	Mesta vindhviða, hnútar	Mesti 10 mínútna vindhraði	Hviðustuðull, hlutfall 1 og 2	Meðal hviðustuðull
1982	96	60	1.60	1.41
1983	82	59	1.39	1.41
1984	82	40	2.05	1.44

Talsverðar eyður urðu í vindmælingunum öll árin og er því hugsanlegt að meiri vindhraði hafi komið fyrir á mælingatímanum þótt ekki sé það talið líklegt.

Fjarri fer því að mælingar þessar nægi til að unnt sé að reikna hönnunarvindhraða og verður því að koma til mat. Hæfilegt mat virðist geta verið 56 m/s eða um 109 hnútar og er þá miðað við 10 m hæð yfir jörð. Hefur þá m.a. verið tekið tillit til þess að hæsti mældur vindhraði á rúmlega þriggja ára mælingatímabili var 49.4 m/s og hafður í huga venjulegur munur á hæsta vindhraða í 50 ár og í 3-4 ár. Í þessu sambandi má geta þess að í tillögum Raflínunefndar um hönnunarforsendur 132 kV raflínu á kaflanum Búðará - Sómastaðagerði var gert ráð fyrir að hámarksvindhraði væri 56 m/s.

## STÖÐUGLEIKI LOFTS OG HITAHVÖRF.

Breyting hitans með hæð frá yfirborði jarðar gefur til kynna stöðugleika loftins, þ.e.a.s. hvort um tilhneigingu til mögnunar eða dempunar lóðréttra hreyfinga er að ræða. Venjulegast er að loftið kólni með vaxandi hæð í neðstu kílómetrum lofthjúpsins, og er meðaltalslækkun hitans fyrir allt veðrahvolfið um  $0.65^{\circ}\text{C}$  fyrir hverja 100 metra. Vik eru þó algeng til beggja átta.

Þegar lækkun hitans upp á við á 100 m hæðarbili er meiri en  $1^{\circ}\text{C}$  verður loftið óstöðugt og lóðrétt blöndun verður mikil, loftið leitast við að komast í jafnvægi. Sé þessi lækkun á bilinu  $0.5 - 1.0^{\circ}\text{C}$ , fer það eftir rakainnihaldi loftins hvort það er stöðugt eða ekki, og oft er talað um hverfult eða hlutlaust jafnvægi á þessu bili.

Þegar hitalækkun með hæð er minni en  $0.5^{\circ}\text{C}$  á hverja 100 m, eða jafnvel að hitinn vex með hæð, er loftið stöðugt og lítil sem engin lóðrétt blöndun á sér stað. Þegar hitinn vex með vaxandi hæð er talað um hitahvörf, og orðið ýmisst látið tákna allt lagið, þar sem hiti fer vaxandi með hæð, eða þann stað þar sem hitinn tekur að vaxa. Þegar um hitahvörf er að ræða virka þau nánast eins og lok þannig að mjög lítil lóðrétt blöndun á sér stað í gegn um þau.

Það mat á stöðugleika loftins á Reyðarfjarðarsvæðinu sem unnt er að fá út frá þeim hitamælingum sem gerðar voru í Eskifirði á árunum 1982 -1985 er vissulega háð takmörkunum bæði að því er varðar nákvæmni hitamælinganna sjálfra og ekki síður vegna staðsetningar mælanna utan í fjallshlíð í Eskifirði, en ekki t.d. í lóðréttu mastri eða loftbelg yfir fyrirhuguðum verksmiðjustað. Þetta gefur nokkra möguleika á skekkju í mati á stöðugleikanum, en þessi leið var valin með tilliti til kostnaðar.



Út frá hitmælingunum og hæðarmun er reiknaður hitastigull, HS, þ.e.

$$HS = \frac{T_j - T_i}{h_j - h_i} \times 100$$

þar sem  $T_i$  og  $T_j$  er hitinn í mælipunktum  $i$  og  $j$  og  $h_i$  og  $h_j$  er hæð þeirra yfir sjávarmáli.

Hitastigullinn gefur þannig hitbreytingu á 100 m hæðarbili.

Við frekari úrvinnslu er hentugt að flokka hitastigullinn eftir stöðugleika, en vegna þeirrar óvissu sem mæliaðferðin býður upp á þótti ekki rétt að hafa flokkana fleiri en fjóra þó algengt sé að skipta stöðugleika loftis í allt að 9 flokka.

- |  |   |
|--|---|
| 1. flokkur: Loft óstöðugt:                             | $HS < -1 \text{ } ^\circ\text{C}/100 \text{ m}$   |
| 2. flokkur: Loft í hverfulu eða<br>hlutlausu jafnvægi: | $-1 \text{ } ^\circ\text{C}/100 \text{ m} < HS < 0 \text{ } ^\circ\text{C}/100 \text{ m}$ |
| 3. flokkur: Loft fremur stöðugt:                       | $0 \text{ } ^\circ\text{C}/100 \text{ m} < HS < 1 \text{ } ^\circ\text{C}/100 \text{ m}$  |
| 4. flokkur: Loft stöðugt:                              | $HS > 1 \text{ } ^\circ\text{C}/100 \text{ m}$  |

Er við þessa flokkun fylgt fordæmi Norsk Institutt for Luftforskning, en sú stofnun hefur unnið að mengunarathugunum fyrir Íslendinga á Grundartanga í Hvalfirði og í Eyjafirði.

STÖÐUGLEIKI LOFTS Í ESKIFIRÐI. Í töflum 34 og 35 er sýndur árlegur gangur í stöðugleika loftisins í Eskifirði, fyrir þrjú hæðarbil þ.e. 3-90 m, 3-260 m og 3-520 m. Í ljós kemur að stöðugleiki er mestur að deginum til yfir hásumarið. Yfirleitt er þessu öfugt farið, þ.e. að helst er að leita að stöðugu lofti að næturlagi og að vetrinum þegar inngeislun frá sólu er í lágmarki, og útgeislun frá yfirborði jarðar eykur á stöðugleika loftisins. Að deginum til yfir hásumarið þegar mikil inngeislun er frá sólu, er að jafnaði mikil upphitun við yfirborð jarðar sem skapar gjarnan verulegt

uppstreymi lofta og sem afleiðingu þar af óstöðugt loft eða a.m.k. hlutlaust eða hverfult jafnvægi. Fáir þetta ástand að þróast nokkurn tíma myndast lágþrýstingur yfir landinu og vindur tekur að blása af hafi, hafgola. Hafgolan skapar eðli sýnu samkvæmt stöðugt loft og sérstaklega þar sem sjór er kaldur eins og fyrir Austfjörðum. Þessi aukning stöðugleikans nær, eins og sést ennfrekar af töflum 36 og 37, alveg upp í efsta lagið, 260-520 m. Tíðni hlutlauss eða hverfuls jafnvægis er sem vænta mátti algengast í öllum hæðarbílum, nema að vetrarlagi í neðsta laginu (3-90 m), en þar er flokkur óstöðugs lofta algengastur. Þar koma til áhrif frá auðum sjónum sem er til muna hlýrri en köld landáttin.

DAGLEGUR GANGUR STÖÐUGLEIKA. Á myndum 30, 31 og 32 er sýndur daglegur gangur stöðugleikans fyrir mismunandi hæðarbil á sumarhelmingi ársins. Á hæðarbilinu 3-90 m (mynd 30) er stöðugt loft í um 63% tilvika kl 15 og dagsveiflan að meðaltali um 34%. Jafnframt er á þessu hæðarbili að finna hæstu tíðni óstöðugs lofta að sumarlagi, og hæsta gildi þess er kl 21 um 27% en lægsta gildið er að finna kl 12 á hádegi um 8%. Óstöðugt loft er um 20% sem meðaltal allra tilvika. Á hæðarbilinu 3-260 m, sumarhelmingi árs (mynd 31) er kl 15 um 38% mælinga með stöðugu lofti og dagsveiflan um 20%. Þegar litið er á hæðarbilið 90-260 m á sumarhelmingi (mynd 32), er dagsveifla stöðugs lofta, aðeins um 9% og hæsta gildið er kl 12 um 28%. Að vetrarlagi er daglegur gangur í stöðugleikanum næsta lítill eins og sést af myndum 32, 33 og 34. Á bilinu 3-90 m skiptir mjög í tvö horn með stöðugleikann, með um 22% tilvika af stöðugu lofti og rúmlega 43% tilvika með óstöðugu.

STÖÐUGLEIKI OG VINDÁTT. Þegar athugaður er sérstaklega stöðugleiki hafátta og landátta, kemur í ljós að stöðugleiki er að jafnaði til muna meiri í hafáttum að sumarlagi en í landáttum. Að vetrarlagi er ekki verulegur munur á tíðni hitahvarfa eftir vindátt.

Í töflu 38 er sýnd tíðni hitahvarfa í Eskifirði, mælt frá jörðu, þ.e. jarðlægra hitahvarfa, í landáttum,  $250^{\circ}$  -  $360^{\circ}$ , annarsvegar og hafáttum,  $70^{\circ}$  -  $180^{\circ}$ , hins vegar. Vindáttir eru mældar á Mjóeyri við Eskifjörð. Mest er tíðni grunnra hitahvarfa (3-90 m) í hafátt að sumarlagi að degi til, um 68% tilvika, en aðeins um 35% tilvika að næturlagi. Fyrir hæðarbilin 3-260 m og 3-520 m er munur dags og nætur á sama veg en ekki eins mikill hlutfallslega. Í landáttinni er ekki verulegur munur dags og nætur en þó eru hitahvörf tíðari að næturlagi bæði sumar og vetur.

